


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 4		
<b>Áfangaheiti - SAG 373 - trúarbragðasaga Námsáætlun - Haustönn 2016</b>		

<b>Kennari</b>	Þorsteinn Krüger	<b>Sk.st.</b>	ÞOK
----------------	------------------	---------------	-----

### Áfangalýsing:

Fjallað verður um trúarbrögð í víðu samhengi. Reynt verður að grafast fyrir um tilurð, sögu og þróun hinna ýmsu trúarbragða, könnuð verður sérstaða þeirra og tengsl við önnur trúarbrögð. Skoðað verður hvernig trúarbrögðin móta lífnaðarhætti, siði, venjur, gildismat, hugsunarhátt, viðhorf og heimsmynd fólks í ýmsum menningarsamfélögum.


Mest verður fjallað um sögu og einkenni eingyðistrúarbragðanna gyðingdóms, kristni og íslam. Fjallað verður um tengsl þessara trúarbragða og stöðu þeirra í nútímanum.

Nokkur áhersla verður lögð á að kanna trúarlíf á Íslandi annars vegar og hins vegar á Akureyri. Skoðað verður hvort tími gefst fyrir heimsóknir til nokkurra trúarsafnaða á Akureyri.

### Markmið:

#### Að nemandinn

- fáí yfirsýn yfir helstu trúarbrögð heimsins og skiptingu jarðarbúa eftir trúarbrögðum.
- þekki til trúarbragða nokkurra fornþjóða, viti um hlutverk trúar í lífi þeirra og þekki helstu guði, einkum Forn-Egypta og Súmera.
- þekki helstu drætti í trú Forn-Grikkja og Rómverja.
- viti um uppruna nokkurra höfuðtrúarbragða heimsins og þróun þeirra.
- geri sér grein fyrir skyldleika ýmissa trúarbragða, einkum gyðingdóms, kristni og íslams, hvað er líkt og hvað ólíkt, t.d. varðandi helgihald og afstöðu til spámanna.
- þekki helstu kirkjudeildir kristinnar, orsakar fyrir klofningu hennar í mismunandi kirkjudeildir.
- þekki til tvískiptingu íslams, ástæður fyrir þeim klofningi og mun þar á.

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 4		
<b>Áfangaheiti - SAG 373 - trúarbragðasaga Námsáætlun - Haustönn 2016</b>		


- geti fjallað um í ræðu og riti um trúarbrögð sem samfélagslegt fyrirbæri og um það hversu mikilvægt hlutverk trú leikur í daglegu lífi manna og samfélaga.
- fái góða yfirsýn um trúarlíf Íslendinga í nútímanum og skiptingu landsmanna eftir trúfélögum.
- geti rætt um hin ýmsu trúarbrögð af þekkingu og fordómaleysi.

### Námsgögn:

Tegund	Námsgögn (nafn bókar og nánari lýsing á gögnum)
Bækur	Engin ein námsbók er í þessum áfanga en leitað verður fanga í ýmsum bókum sem nemendur kynna sér.
Tímarit	Á bókasafni, ásamt handbókum og öðrum ritum sem fjalla um trúarbrögð.
Myndbönd	Gert er ráð fyrir því að nemendur sjái einhverjar myndir sem varða efnið.
Ljósrit (afhent)	Þrjú ljósrituð hefti um eðli trúarbragða, gyðingdóm og íslam.
Tölvur	Töluvert um upplýsingaleit á Netinu og í verkefnavinnu.
Annað (t.d. ítarefni)	Ýmis konar ljósritað efni afhent af kennara. Blaðaúrklippur á bókasafni.

### Áætlun um yfirferð:


Vika	Áætluð yfirferð	Verkefni
33 – 35	Helstu trúarbrögð heims, útbreiðsla og fjöldi	
35 - 36	Trúarbrögð fornþjóða. Ritgerðarefni kynnt. Kennsla um samningu heimildaritgerða.	Skilaverkefni

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 3 af 4		
<b>Áfangaheiti - SAG 373 - trúarbragðasaga Námsáætlun - Haustönn 2016</b>		

37	Fyrirlestrarefni kynnt og nemendur fá 2 til 3 tímapur til að vinna við undirbúning kynninganna.	
38 - 39	Gyðingdómur	Skilaverkefni
40 - 42	Kristni. Skila ritgerð í lok 40. viku.	Skilaverkefni. <b>Skila ritgerð</b> föstudaginn 7. október
43 - 44	Íslam. Athugið að á þessum tímamarki <b>eiga allir að vera klárir með kynningar sínar.</b>	Skilaverkefni
45	Fyrirlestrar/kynningar nemenda í vikunni 7. nóv. til 11. nóv.	Kynningar nemenda
46	Hindúismi/Búddadómur.	
47 - 48	Trúarlíf á Íslandi. Sjálfsmat nemenda.	Skýrsla um trúarsöfnuð á Íslandi eða um heimsókn í trúarsöfnuð. Sjálfsmat.

### Námsmat og vægi námsþátta:

<b>Matsform:</b>	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
<b>Námsmatsþættir</b>	<b>Lýsing námsmatsþátta</b>		<b>Vægi</b>
Skriflegt próf	Ekkert skriflegt lokapróf		
Ritgerð	5 til 7 bls. heimildaritgerð, skiladagur 7. október.		20%
Skilaverkefni	Fjögur skilaverkefni, hvert um 2 til 3 bls. að lengd, 10% hvert verkefni.		40%
Fyrirlestur	Nemendur flytja glærustuddan fyrirlestur um valið efni. Tveir mega vera saman um hvert efni.		20%
Skýrsla	Skýrsla um heimsóknir í trúarsöfnuði eða um trúarlíf á Íslandi.		10%
Sjálfsmat/ kennaramat	Nemandinn metur vinnu sína í áfanganum og skrifar stutta greinargerð um það sem hann telur sig hafa lært. Nemandinn gefur sér einkunn fyrir áfangann og rökstyður hana. Kennari staðfestir þá einkunn, hækkar hana eða lækkar eftir því sem tilefni gefst til.		10%
	<b>Samtals:</b>		<b>100%</b>

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016	<b>Áfangaheiti - SAG 373 - trúarbragðasaga Námsáætlun - Haustönn 2016</b>	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 4 af 4		

## Vinnutilhögun

Þessi áfangi er próflaus og því er sérstök áhersla lögð á verkefnavinnu ýmis konar. Efnið verður kynnt með fyrirlestrum kennara og nemenda og verkefni sem lögð verða fyrir eru ýmist einstaklings- eða hópverkefni. Nemendur skulu temja sér aga og sjálfstæði í vinnubrögðum og vanda meðferð heimilda. Kennari leggur áherslu á virka þátttöku nemenda og að þeir séu vel undirbúnir fyrir kennslustundir, enda verða þeir þættir metnir til einkunnar.

Nemendur vinna margvísleg verkefni á önninni, sum þessara verkefna eru skilaverkefni og verða þau kynnt með góðum fyrirvara. Mikilvægt er að verkefnum sé skilað til kennara á réttum tíma því einkunn lækkar ef skilað er eftir auglýstan skilátíma. Sjá nánar reglur um verkefnaskil sem fylgir þessari námsáætlun.

Athugið að öll tölvunotkun sem ekki tengist náminu beint er bönnuð í kennslustundum.

Allar glærur verða settar inn á Moodle-kennsluvefinn. Þar verða líka ýmsar tilkynningar frá kennara sem varða áfangann og því er brýnt að nemendur fylgist vel með og skoði vefinn reglulega.

Lagt fram með fyrirvara um breytingar og frómum óskum um gott samstarf.

Þorsteinn Kruger (POK)

[kruger@vma.is](mailto:kruger@vma.is)

Dagsetning:

Undirritun kennara

*Þorsteinn Kruger*  
17/8 '16

Undirritun brautarstj., fagstj. eða staðgengils

*Þorgerður Lipp* 17/8 '16